



Nefndasvið Alþingis

B.t. atvinnuveganefndar

Austurstræti 8 – 10


150 Reykjavík

Teigi, 10. desember 2020

Efni: Umsögn um þingskjal 468 – 374. mál. Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (úthlutun tollkvóta)

Vegna frumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um að hverfa tímabundið aftur til eldra fyrirkomulags á útboði tollkvóta fyrir búvörur vill undirritaður fyrir hönd Félags svínabænda koma eftirfarandi á framfæri:


1. Framlagt frumvarp tekur ekki á beim bráðavanda sem er í birgðum bæði í kiötvinnslum en ekki síður inn á búum (bæði í nautakiöti og svíni). Til að rökstyðja þetta enn frekar liggur fyrir að svínabændur hafa á 3ja ársfjórðungi 2020 dregið saman framleiðslu um tæp 7% í fjölda slátraðra gripa m.v. sama tímabil í fyrra til að bregðast við markaðsaðstæðum. Þrátt fyrir það hefur framleiðsla á innlendu svínakjöti aukist um 3%. Ástæðan fyrir því er sú að fallþungi hefur aukist um rúm 10% á þessu tímabili. Þetta sýnir svart á hvítu hvernig greinin er að reyna að bregðast við offramboði með því að draga úr framleiðslu en hefur ekki árangur sem erfiði þar sem þar sem “birgðir á fæti” eru stöðugt að aukast. Eða m.ö.o. það er of mikið til af kjöt á frosti, því seinkar slátrunum og gripir þyngjast á sama tíma inni á svínabúum landsins og vandinn vex þannig í orðsins fyllstu merkingu.
2. Tollasamningur sem tók gildi 2018 og nýtt útboðsfyrirkomulag (hollenska leiðin) hefur enn ekki skilað ábata í vasa neytenda. Félag svínabænda hefur margoft varað við því að sú lækkun sem vissulega hefur orðið á afurðaverði með tilslökunum í tollvernd skili sér ekki í vasa neytenda. Gögn frá Hagstofunni styðja þá fullyrðingu. Tafla hér fyrir neðan sýni verðþróun VNV og kjöts (vísitala frá Hagstofunni) frá maí 2018 til dagsins í dag. En tollasamningur sem var gerður árið 2015 tók einmitt gildi í maí 2018



Þessi gögn sýna að kjöt hefur hækkað heldur meira í verði til neytenda en almennt verðlag í landinu. Íslenskur landbúnaður er kominn að þanmörkum og verðlag á matvöru verður ekki slitið úr samhengi við verðlag í landinu og kaupmátt neytenda.

3. Verðþróun á svínakjöti!

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun nokkurra vísitalna úr Vísitölu nevsluverðs sem snúa að svínaræktinni. Í þessu samhengi er rétt að benda á að undirvísitala Hagstofunnar „kjöt unnið reykt og saltað“ gefur að mati undirritaðs besta mynd af verðþróun á svínakjöti til neytenda. Einnig er sýnd þróun verðs á svínakjöti til framleiðenda.



Innflutningur á svínakjöti hefur farið úr því að vera 6-10% í bryjun þessa tímabils vfir í að vera orðinn um fjórðungur af allri nevslu á svínakjöti. Þá er reyndar eftir að taka tillit til



Þess að innfluttar pylsur og unnar kjötvörur eru að uppstöðu til úr svínakjöti þ.a. innflutningur er í raun umtalsvert meiri. Hvað þá heldur, ef satt reynist, að ekki komi allur innflutningur fram í opinberum tölum og kunni að vera allt að 2,5 sinnum meiri en þar kemur fram.

Ef þessi þróun heldur áfram styttist í að innflutt svínakjöt fari fram úr innlendu í neyslu. Svínabændur hafa margoft kallað eftir því að dregin sé lína í sandinn. Við teljum eðlilegt að það sé stundaður innflutningur á svínakjöti að einhverju marki en fyrst og fremst til að anna eftirspurn í einstaka vöruliðum. En það hljóta allir að sjá að þetta getur ekki gengið svona lengur. Við fyrrgreindar aðstæður getur svínarækt ekki þrífist á Íslandi til framtíðar. Þessa stöðu þarf að fara yfir í heild sinni á sanngjarnan hátt. Gleymum því ekki að á þessu tímabili hafa innflytjendur á kjöti – vegna formgalla sem varð á framkvæmd á útboði tollkvóta – fengið um 3 milljarða endurgreidda frá ríkinu.

Atvinnuvegaráðuneytið vinnur nú að gagnaöflun um birgðastöðu í kjöti. Undirritaður beinir því til nefndarinnar að fyrirhuguðu útboði á ESB tollkvótum verði frestað á meðan sú vinna stendur yfir og fundnar eru leiðir til að afstýra frekara tjóni í landbúnaðinum. Að mati undirritaðs er einfaldlega nauðsynlegt að minnka innflutning á meðan unnið er á birgðavandanum. Breytt fyrirkomulag við útboð mun ekki taka á þeim vanda.

Virðingarfyllst,

F.h. Félags svínabænda

Ingvi Stefánsson